

STAÐA MÁLS

Málnr.:	17-018F005
Dags:	23. febrúar 2017
Staður:	Í aðflugi að Manchesterflugvelli (EGCC)
Lýsing:	Neyðarástandi lýst yfir vegna lágrar eldsneytisstöðu
Staða máls:	Mars 2018: Í rannsókn

Þann 23. febrúar var flugvél TF-FIP, Boeing 757-200 flugvél Icelandair, í áætlunarflugi FI440 frá Keflavíkurflugvelli til Manchesterflugvallar í Bretlandi.

Þennan dag gekk stormurinn Doris yfir Bretlandseyjar með þeim afleiðingum að flugi var víða frestað í Bretlandi.



Vegna slæmra landingaskilyrða sökum vinds varð flugvélin að hætta við landingu á Manchesterflugvelli. Ákvað flugstjóri flugvélarinnar að fljúga til varaflugvallar flugsins, sem var flugvöllurinn í Liverpool (EGGP). Í Liverpool reyndust landingaraðstæður engu betri en í Manchester og ekki tókst að lenda flugvélinni þar sökum mikils vinds.

Lagði flugumferðarstjórn í Bretlandi til að flugmenn TF-FIP reyndu landingu í Leeds, en þar voru landingarskilyrði sögð betri. Flugmenn TF-FIP þekktu ekki til flugvallarins í Leeds og vegna eldsneytisstöðu ákváðu þeir frekar að óska eftir að reyna aftur við landingu á Manchesterflugvelli.

Þegar flugmenn TF-FIP náguðust Manchesterflugvöll sáu þeir að eldsneytisstaða flugvélarinnar var orðin lág. Lýsti flugstjóri TF-FIP því yfir neyðarástandi og óskaði eftir forgangi inn til landingar á Manchesterflugvelli.

Forgangurinn var veittur og tókst flugmönnum TF-FIP að lenda flugvélinni á Manchesterflugvelli við erfiðar landingaraðstæður sökum vinds.

Rannsókn málsins beinist að varaeldsneytismálum, sem og verklagi við ákvörðun um flug eða frestun flugs, hjá flugfélaginu.

